

FUNDARGERÐ 527. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 18. mars 2026. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er fjarfundur.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fjarfund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Ársreikningur SORPU bs.

Theodór S. Sigurbergsson og Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðendur, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fjármálastjóri og gestir gera grein fyrir ársreikningi SORPU bs. fyrir árið 2025.

Stjórn samþykkir ársreikninginn.

2. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir tilkynningu frá flutningsaðilum um hækkun á flutningskostnaði vegna stríðsátaka við Persaflóa. Hækkunin tekur til eins mánaðar og nemur um sex milljónum króna á mánuði. Tilkynningin kallar ekki á breytingar á gjaldskrá SORPU að svo stöddu, en vari ástandið lengi verður það tekið til endurskoðunar.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 15. apríl 2026 klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:27.